



Séð suður Fjöruna og Aðalstrætið rétt fyrir 1900.  
View south over Fjara and Aðalstræti just before 1900.

Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands



AKUREYRI

## Fjaran

Línum til vinstri, suður Fjöruna. Hafðu hugfast þegar þú horfir suður Aðalstrætið að öll gömlu húsin á vinstri hönd eru byggð á uppfyllingu sem mokað var með handaflí úr brekkunni á móti. Þá var fjöruborðið þar sem gatan er nú og jafnvel nær brekkurótinni á köflum. Fyrsta íbúðarhúsið í Fjörunni reis 1827 en hið næsta ekki fyrr en 1835. Bæði voru úr torfi. Nokkru seinna eða um 1850 hélt timbrið innreið sína í Fjöruna og þá tóku litlu húsin á hægri hönd að rísa og mynda þau nú eina elstu samfelldu húsaröð landsins.

Fyrir framan þig er Aðalstræti 16, byggt árið 1900. Sannarlega glæsilegt hús byggt með því skilyrði að almenningur mætti nota langa pallinn á framhlið þess sem gangstétt. Gula húsið til hægri heitir Gudmanns Minde eða Gamli spítali. Það er elsta tvílyfta húsið á Akureyri, byggt 1835. Kaupmaðurinn Friðrik Gudmann gaf bænum húsið undir spítala árið 1874 og var þess sérstaklega getið að spítalinn „tæki sex fullorðna og tvö börn“. Þarna var baðhús bæjarins og Akureyringar gátu komist í „baðferð neð steypibaði“ á miðvikudögum – gegn pöntun.

Beindu nú sjónum þínum yfir götuna. Þar sem Aðalstræti og Hafnarstræti renna saman eru suðurmörk gömlu Akureyrarinnar. Þarna reis árið 1778 fyrsta íbúðarhúsið á Akureyri. Það brann í desember 1901. Í þess stað var byggt glæsilegt timburhús, Hafnarstræti 3. Þar var fyrsta símstöð bæjarbúa.


## The Shore

Looking south along the shore, it is of note that the houses on the left side of Aðalstræti are built on landfill, formed by manually shifting soil from the slope opposite. The shoreline was where the street is now. The first dwelling here dates from 1827, followed by another in 1835; both built of turf. Around 1850, the fashion for timber houses reached Fjara, giving rise to the row of houses on the right hand side of the street, now one of the oldest continuous lines of dwellings in Iceland.


In front of you is Aðalstræti 16, built in 1900, constructed on the premise that the townspeople could use its veranda as a pavement. The yellow house on the right is Gudmanns Minde, or The Old Hospital. It is the earliest two storey house in Akureyri, built in 1835. The merchant Friðrik Gudmann gifted the building to the town for use as a hospital in 1874. Here, on Wednesdays, people could also book a shower. Across the street, where Aðalstræti and Hafnarstræti converge, is the southern boundary of old Akureyri. Here, the first residential house was built in 1778. It burned to the ground in December 1901 and was replaced by Hafnarstræti 3, which used to be Akureyri's telephone exchange.



Séð norður Aðalstrætið um 1920. Næstur er Gamli spítali. Norðan hans sér í Hótel Akureyri er brann 1955.  
View north along Aðalstræti around 1920. Closest is the old hospital, to the north of which is Hótel Akureyri which fell victim to fire in 1955.



Gatnamót Aðalstrætis og Hafnarstrætis árið 1900. Ljósu húsin næst sjónum eru verslunarhús byggð 1892 - 1896 og standa tvö þeirra enn.  
The Aðalstræti and Hafnarstræti crossroads in 1900. Nearest to the sea are commercial premises built 1892 - 1896, two of which are still standing.



Eista ljósmyndin af Akureyri, tekin 1873. Myndin sýnir vel útlínur gömlu Akureyrar. Gamli spítali er með tré fyrir framan.  
The oldest existing photograph of Akureyri, dating from 1873, which clearly shows the boundaries of the old town.



[www.visitakureyri.is](http://www.visitakureyri.is)



MINJASAFNID Á AKUREYRI  
AKUREYRI MUSEUM



NORDURORKA